

Startdagur LærVest ágúst 2022

Stuttlega farið yfir stöðuna á námsvísunum sem fór af stað sem sameiginleg vinna. Staðan er misjöfn milli skólanna og því eðlilegt að hver skóli vinni að sínum námsvísunum.

Fundir skólaársins

21. sept.

- Stigskiptir hópar þar sem hvert stig, skiptst á hugmyndum innan stiganna. Hver skóli kynnir eitt væntanlegt samþættingarverkefni stigsins.
- Einn hópur vinnur að verkefnum sem henta ÍSAT nemendum.

2. nóv.

- Samþætting þar sem gengið er út frá list-og verkgreinum. Viðmið annarra greina eru í verkefninu. Hugmyndaöflun.
- Stærðfræðihópar á hverju stigi, umræður á hverju stigi um stærðfræðina í samþættingunni í verkefni sem ekki hefur verið unnið áður, hefði verið mögulegt að hafa stærðfræði eða stærðfræðiviðmið eru í verkefninu.

7. des.

- Hugarflugfundur þar sem félagsfærni er eflað í gegnum samþættinguna. Lykilhæfnin er þau viðmið sem miðað er við. Unnið eftir stigum.

Lagt til að fundurinn 25. jan. flytjist til 18. janúar. Hentar öllum skólunum.

18. jan.

- Stefnt að ráðstefnu í Reykjavík annað hvort 19. apríl eða 21. apríl. Fundurinn ætlaður til undirbúnings. Ábendingar um að dagsetning þarfnast endurskoðunar, tímabilið 14. apríl – 12. maí kemur til greina. Frekari útfærslu vísað til stjórnenda. Miðað er við að ráðstefnan nái yfir 4 tíma.

8. mars

- Kynningar ráðstefnunnar æfðar og fínpússaðar.

24. maí

- Unnið að lokaskýrslu verkefnisins sem skila á 31. maí 2023. Nú er verið að vinna að áfangaskýrslu vegna styrkja verkefnisins.

Í vor komu fram ýmsar hugmyndir að því hvernig mætti tengja nemendur skólanna saman. Verkefni vetrarins rædd á stigunum á grunni þeirra hugmynda.

Hugmyndir yngsta stigs:

Nemendur gera myndbönd og senda myndbönd milli skóla t.d. kynningar á heimabyggð, nemendum eða verkefni.

vlog, líkt og youtuberar gera

skólaheimsóknir, eftir því sem aðstæður leyfa

Zoom fundir, dregið hverjir tala á hverjum fundi

Pennavinir á pappír, gamaldags auglýsing þar sem óskað er eftir pennavini út frá ákveðnum forsendum,

Hugmyndir miðstigs:

Pennavinir, para saman þá sem þeir sem eiga eitthvað sameiginlegt t.d. áhugamál og þeir kynni áhugamálið fyrir öðrum.

Nemendaskipti, nemendur hafa skipti á heimili og skóla í örðu sveitarfélagi en þeirra eigin

Kahoot, byggt á sameiginlegum verkefnum/fræðslu/kynningu.

Hugmyndir unglingastigs:

Samstarf félagsmiðstöðvanna á Hólmavík, Búðardal og Reykhólum góð fyrirmynd að samstarfi, mætti vera meira.

Taka þátt í því sem um er að vera á svæðinu fyrir unglinga t.d. Íþróttahátíðin í Bolungarvík mætti fá meiri athygli og þátttöku alls staðar af svæðinu.

Hittingu þeirra nemenda sem eru í Lærisneiðinni, þ.e. valgreinum hjá skóla í skýjunum.